




SÁLMABÆKUR 16. ALDAR

Í biskupstíð Guðbrands Þorlákssonar (um 1541–1627) á Hólum verða tímamót í bókaprentun og útgáfu kirkjulegra rita þar sem hæst ber útgáfur *Bíblíunnar* 1584 og *Sálmabókar* 1589. Bókaútgáfa Guðbrands var lausn á þeim vanda sem siðskiptin báru með sér um að allt kirkjustarf væri á móðurmálinu og fylgdi þannig eftir fyrir mælum um framkvæmd helgisíða sem kirkjuskipan Kristjáns III frá 1537 kvað á um.

Fyrri sálmabækur biskupanna Marteins Einarssonar 1555 og Gísla Jónssonar 1558 voru ófullnægjandi, með fáum sálum í þýðingum sem fylgdu illa málfari og skáldskaparlagi en mynduðu þó mikilvægan grunn fyrir hinn nýja sálmasöng.



Ein ný sálmabók 1589 (Uppskrifuð forsíða)

Með útgáfu sálmabókarinnar 1589 var því bætt úr brýnni þörf en þar má finna 343 sálma sem skipt er niður í sex meginkafla.



Hólar 1814. Úr *Ferðabók* Ebenezers Henderson.

Um Fæðingna 114

Gettað ofan af Ginnum síe/ þerlede er þer
 Manlyne/ Þu vill þá kurt af Syndu síe/ þal
 þuers eins Maða/ og þolpen til saða/ ný Myk
 um þafs.

Sollum nu til þote Chriß/ sí þaddest off til
 Lausnar vðsi/ þick off a Ginnum Frid og vif
 Synge þafs Gíðid/ þonum Lop og Dyid/ og
 Þaxargíðid.

Eitt lítið Þarm so gíedelig.



Þ Dag bleßað þarred er/ þored off i þamer
 af þreue Mey off aumum þier/ er til Lausnar
 (Comer)



Þare þad þarred off ei þader/ aller þaðarþer
 Deuda mætt/ at þu kom allt þed gada/ Q vor



Þat Iþu Chriß/ er ein Madur off þaddest

þlq

Um Fæðingna



Þoda Fæðingar síðu Stríatran þlar/ þota
 Liofe ypr þra.
 Leidsigu greida af þu Fiarmed þa/ þraff til
 Þrepleþen Þorgar ga.



Chrißum þonna/ Gettað Ginnu/ þa skyn
 Lausum Steþnum sía.
 Gud sem gíede/ allt med Orde/ nu i þedum
 Stelle þa.



Meyran Mober/ Mað þar þader/ þerþag
 þesse Gíeden sma.
 Lop sem aite/ laka mætt/ vette off þafs
 Þýkan þu.



Stíð þer sem þeingu/ samþynge/ Amen.

Benedicamus. A Þolum
 Med þu Lage. Fader vor
 þu a Ginnum er,

þader

Sálmur um fæðingu Jesú Christi.


Meðal nýjunga sem *Ein ný sálmabók* bar með sér er að þá sáu Íslendingar fyrst nótur á prenti því þar má finna lög við 106 sálma og messusöngva. Við aðra voru settir lagboðar en á um 60 stöðum eru engar tilvísanir í hvað syngja skyldi. Úr þessu var bætt í 2. útgáfu 1619 þar sem nótur og lagboðar voru við alla sálmana. Að auki gaf Guðbrandur út *Graduale*, árið 1594, sem kom út lítið breyttur til loka 18. aldar. Í endurútgáfu sálmabóka um miðja 18. öld voru gerðar margvíslegar breytingar en í þeim útgáfum voru nótur við færri sálma.

Sálmalögin í *Ein ný sálmabók* 1589 mótuðu því þann kirkjusöng sem hélst nánast óbreyttur hjá þjóðinni í nær þrjú hundruð ár. Meirihluti laganna kom úr þýskum og dönskum sálmabókum, þó mismikið breyttum eftir þýðingu og aðlögun að íslenskum bragarháttum. Einhver laganna komu frá latneska frumsálminum og uppruni einstaka laga er enn óþekktur. Flest laganna lifðu lengi meðal íslensku þjóðarinnar og einhver eru sungin enn í dag. Mörg laganna tóku margs konar breytingum í gegnum aldirnar og eru til í fjölda tilbrigða, sum hver komin afar langt frá upprunalega laginu. Það sem kannski er eftirtektarvert eru þau sálmalög sem haldast nær óbreytt frá kynslóð til kynslóðar og ljóst að sumar laglínur lifa betur í minninu en aðrar.

Sálmarnir og lögin sem sungin voru við þá höfðu mikil áhrif á kveðskap og tónlist þjóðarinnar og voru hluti af trúarlífi landsmanna í gegnum aldirnar. Með endurútgáfu á sálmabókum 16. aldar er verið að gera aðgengilega á ný þessa sálma, sem áttu drjúgan þátt í varðveislu íslensku og eru því mikilvægir fyrir íslenska málsögu, og sálmalögin sem eru stór hluti íslenskrar tónlistarsögu.



Lbs 524 4to skrifað um 1600, Sálmabókarhandrit þar sem settar eru nótur við nær alla 343 sálma sálmabókarinnar 1589.

 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Texti: Guðrún Laufey Guðmundsdóttir.

Forsíða: Guðbrandur Þorláksson. Málverk varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands.
13. nóvember 2023.